



Samtakahópurinn 26.nóvember 2020 kl. 10.00

fjarfundur.

Fundargerð

Mætt: Mætt: Anna Karlsdóttir Taylor, Guðfinna Eðvarðsdóttir, Guðrún María Þorgeirsdóttir, Guðrún Magnúsdóttir, Heiða Ingimundardóttir, Kristján Freyr Geirsson, Sigrún Björgvinsdóttir, Svava Ósk Stefánsdóttir, Kolbrún N. Þorgilsdóttir, Kolbrún Skagfjörð, Sigríður Bílddal, María Guðmunda, Aníta Engley, Hildur Björg Vilhjálmsdóttir, Gunnhildur Gunnarsdóttir, og Hafþór Birgisson sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. Kynning frá Rannsóknnum og Greiningu á líðan barna á Covid tímum

Margrét Lilja Guðmundsdóttir frá Rannsóknnum og Greiningu kynnti niðurstöðu á líðan nemenda í 8. – 10. bekk á Covid tímum í Reykjanesbæ. Í máli Margrétar kom m.a. fram að 25,3 % nemenda hafa verið úti einu sinni eða oftar undanfarna viku, 13.3 % nemenda líður illa í skólanum. Gleðilegu tölurnar eru þær að einungis 1 % nemenda í 10. bekk höfðu neytt áfengis s.l. 30 daga og að allar vímuefnatölur hafa lækkað.

Ljóst er að íslenska forvarnarmódelið hefur skilað frábærum árangri á undanförunum árum og áratugum er mikilvægt að minna á að hvergi má slaka á. Mikilvægt er að fagfólk Reykjanesbæjar, Samtakahópurinn, foreldrar og nemendur vinni saman áfram að því að bæta niðurstöður þannig að líðan barna okkar verði sem best til framtíðar lítið. Skýrsluna má kynna sér hér að neðan. Grunnskólafulltrúi Reykjanesbæjar mun kynna niðurbrottnar skýrslur skólastjórum hverjum skóla fyrir sig.

Tafla 2. Vímuefnaneysla í 10. bekk, lykilþættir október 2020. Breyting í prósentustigum frá febrúar 2020 sýnd til hliðar.

	Reykjanesbær	+/- frá febrúar	Landið	+/- frá febrúar
Daglegar reykingar	0.5%	-0.7 ↓	1.1%	0.2 ↑
Munnþóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	0.5%	-5.4 ↓	3.5%	-2.5 ↓
Neftþóbak 1x eða oftar sl. 30 daga	1.5%	-0.3 ↓	2.2%	0.0
Drukkið áfengi sl. 30 daga	7.3%	-2.9 ↓	10.2%	-2.2 ↓
Ölvun um ævina	9.7%	-7.6 ↓	13.8%	-2.0 ↓
Ölvun sl. 30 daga	1.0%	-4.5 ↓	6.4%	-0.1 ↓
Kannabis um ævina	5.1%	-5.5 ↓	7.5%	1.0 ↑
Dagleg rafrettunotkun	6.9%	-3.1 ↓	6.3%	0.1 ↑

<https://www.reykjanesbaer.is/static/files/Fraedslusvid/reykjanesbaer-2-.pdf>

2. Eineltismál – kynning á hvernig unnið er innan Akurskóla í eineltismálum.

Sigrún Helga Björgvinsdóttir námsráðgjafi í Akurskóla kynnti hvernig unnið er að eineltismálum innan Akurskóla. Sjá glærukynningu sem fylgir með sem fylgiskjal.

3. FFGÍR – fréttir af starfi

FFGÍR hefur verið í sambandi við Ernu Kristínu sem heldur úti á samfélagsmiðlum síðunni

Ernuland með góðum árangri. Hún skrifaði og gaf út bókina „Ég vel mig“ sem er bók um jákvæða sjálfsímynd og líkamsvirðingu barna.

Hugmyndin er að fá hana inn í alla skóla á nýju ári með fyrirlestur og kynningu um jákvæða sjálfsmynd og líkamsvirðingu. FFGÍR stefnir á að gefa tvær bækur til bókasafna skólanna í kjölfarið.

Að auki mun FFGÍR halda utan um fyrirlestur til foreldra barna í Reykjanesbæ sem eiga börn á yngsta stigi en það hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvort sú fræðsla verði rafræn eða í raunheimum. Kannaður verður sá möguleiki að bókin verði boðin foreldrum á sérstöku tilboði til foreldra í Reykjanesbæ á þeim tíma sem að fræðslan fer fram.

Verkefnið verður alfarið kostað af FFGÍR.

Bestu kveðjur Anita Engley og Guðrún María Verkefnastjórar FFGÍR.



4. Neysla ungmenna á orkudrykkjum

Gunnhildur Gunnarsdóttir forstöðumaður menningarmiðstöð unga fólksins við Hafnargötu 88 fylgdi úr hlaði markaðsherferð sem stíluð verður inn á börn og ungmenni í Reykjanesbæ. Um er að ræða myndband og veggspjald. Sjá fylgiskjal.

5. Nikótínþúðar – aukning meðal ungmenna

Hafsteinn Viðar Jensson verkefnisstjóri tóbaksvarna hefur miklar áhyggjur af nikótínþúðanotkun meðal unglunga en fimmtán prósent nemenda í 10. bekk hafa notað slíka þúða. Hann segir brýnt að setja lög um aldurstakmörk og innihaldslýsingar. Samtakahópurinn skorar á þingmenn Suðurkjördæmis að styðja við hugmyndir Hafsteins Viðars Jenssonar og beita sér fyrir lagasetningu til verndar börnum og ungmennum.

<https://www.visir.is/g/20202040068d>

6. Aukin notkun lyfja meðal barna og ungmenna.

Mikil notkun íslenskra unglunga á geð- og taugalyfjum án þess að hafa fengið þau ávísuð af lækni er sérstakt áhyggjuefni kemur fram í grein Ársæls Arnarsonar. Sjá fylgiskjal fundarins.



7. Sjálfsvíg fjöldi sjálfsvíga á Íslandi

Samtakahópurinn tekur undir áhyggjur forsvarsfólks Píeta samtakanna og Geðhjálp um aukin tíðni sjálfsvíga er mjög alvarlegt og huga þurfi vel að andlegri líðan ekki síst á Covid tímum. 39 hafa látist vegna sjálfsvíga á árinu.


<https://www.visir.is/q/20202005433d>

<https://gedhjalp.is/blad-gedhjalpar.pdf>

8. Íþróttá- og tómstundastyrkir til lágtekjuheimila vegna Covid-19 (2020090340)

Ríkisstjórn Íslands samþykkti nýverið nýjan íþróttá- og tómstundastyrk til lágtekjuheimila. Íþróttá- og tómstundaráð Reykjanesbæjar skorar á íbúa sveitarfélagsins að kanna rétt sinn til styrksins. Á þitt barn rétt á 45.000 kr. sérstökum íþróttá- og tómstundastyrk?

Kannaðu málið hér: <https://bit.ly/3kJaFfH>



ÚTIVISTAR- REGLURNAR*

*Skv. 92 gr. laga nr. 80/2002

Á skólatíma 1. september til 1. maí

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 20

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 22

1. maí til 1. september

12 ára börn og yngri
mega lengst vera úti til kl. 22

13 – 16 ára börn mega
lengst vera úti til kl. 24



www.samanhopurinn.is

FORELDRAR VERUM SAMTAKA!

Foreldrum er heimilt að stytta þennan tíma en ekki lengja. Bregða má út af reglu-
num þegar börn eru í fylgd með fullorðnum og börn 13-16 ára eru á heimleið frá
viðurkenndri skóla,- íþróttá- eða æskulýðssamkonu. Aldur miðast við fæðingarár.

Drekka lítið en nota mikið af lyfjum



Íslenskir unglingar standa sig mjög vel hvað varðar litla áfengisneyslu, sigarettureykingar og notkun kannabisefna. Aftur á móti veldur mikil lyfjanotkun íslenskra ungmenna áhyggjum.

„Það má segja að íslenskir unglingar skari fram úr unglingum annars staðar í Evrópu hvað varðar litla vímuefnanotkun og það hafa þeir gert í svolitinn tíma. Áfengisneysla íslenskra unglinga er mun minni en jafnaldra þeirra í öðrum löndum Evrópu,“ sagði Ársæll Már Arnarsson, prófessor í tómstunda- og félagsmálafræði við Háskóla Íslands. Hann er fulltrúi Íslands í evrópsku samstarfi um gerð ESPAD-samanburðarrannsóknna á vímuefnanotkun 10. bekkinga í 35 Evrópulöndum.



„Þessi kynslóð unglinga í dag er stundum kölluð allsgáða kynslóðin. Við höfum skorið okkur talsvert úr öðrum löndum með að hér hefur þessi breyting orðið snarpari og meiri en annars staðar,“ sagði Ársæll. Hann sagði erlenda fræðimenn horfa mikið til Íslands í þessu sambandi og vera mjög forvitna um hvaða aðferðum hefði verið beitt til að ná þessum árangri.

„Notkun íslenskra unglinga á geð- og taugalyfjum er með því mesta sem gerist í Evrópu. Þeir eru mjög mikið að nota lyf við ofvirkni, þunglyndislyf, róandi lyf og þess háttar sem læknar hafa ávísað til viðkomandi. Það kemur fram í þessum mælingum ESPAD að íslenskir unglingar nota talsvert mikið af róandi lyfjum og ofvirknilyfjum án þess að læknar hafi skrifað upp á þau fyrir þessa einstaklinga,“ sagði Ársæll. Hann sagði þessa miklu lyfjanotkun mögulega tengjast almennt mikilli notkun á geð- og taugalyfjum hér á landi. „En mikil notkun íslenskra unglinga á geð- og taugalyfjum án þess að hafa fengið þau ávísað af lækni er sérstakt áhyggjuefni,“ sagði Ársæll.

**VISSIR
ÞÚ?**

...AÐ ORKUDRYKKIR
GETA VALDIÐ KVÍÐA?

...AÐ ALGENGAR
AUKAVERKANIR
ORKUDRYKKJANEYSLU ERU
HÖFUÐVERKUR,
MAGAVERKUR,
SKAPSVEIFLUR OG
HJARTSLÁTTARTRUFLANIR?

...AÐ
ORKUDRYKKIR
HAFA NEIKVÆÐ
ÁHRIF Á SVEFN?



REYKJANESBÆR

